

## Kolgrafir

Þorleifur Jóhannesson skráði.

Kolgrafir standa vestan undir háu fjalli, er **Kolgrafamúli** (1) heitir, en austan við Kolgrafafjörð utarlega, túnið liggur niður að firðinum.

Inn frá (norður) íbúðarhúsinu heitir **Hesthústunga** (2). Í henni stendur hesthús. Suður og upp frá húsinu eru smáhæðir, er heita **Hólar** (3). Á þeim stóð áður bærinn, en var færður sökum þess að þar féll á hann snjóflóð. Var hann þá fluttur þangað, er nú stendur húsið. Suður frá Hólunum eru nokkrar kletthæðir. Er þær nefndar **Kastalar** (4).

Skammt fyrir norðan túnið gengur fram tangi með klettum fremst, á tanganum er rúst, þessi tangi heitir **Byrgistangi** (5). Frá Byrgistanga gengur stórt lágrent nes norður í fjörðinn, heitir það **Kolgrafaoddi** (6). Í oddanum eru tvær tjarnir, sem nefndar eru **Oddatjarnir** (7). Fremsti hluti oddans er kallaður **Oddatá** (8). Vestanvert við oddann er stór steinn, er **Strókur** (9) heitir, fer hann í kaf í stærri flæðum. Fyrir austan Kolgrafaodda skerst inn allstór vogur, sem kallaður er **Hópið** (10). Inn af **Hópsvikinu** (11) eru þrjár allstórir steinar, er **Þrísteinar** (12) heita. Um þá eru landamerki milli Kolgrafa og Berserkseyrar, úr þeim er sjónhending í klett, sem er uppi í **Móhlíðinni** (13).

Innan við Kolgrafatúnið, ofarlega, er klettastapi, sem **Einbúi** (14) heitir. Í hlíðinni upp frá túninu eru grasigrónir hjallar neðst í hlíðinni; eru þeir kallaðir **Bekkir** (15). Uppi á **Múlabrúninni** (16) er klettabarð, sem **Dagmálaklettur** (17) heitir.

Fyrir sunnan túnið er allstór mýri, sem nær ofan frá hlíðinni og niður á bakkana, hún er kölluð **Bugur** (18). Fyrir sunnan hana er holt, sem heitir **Melshorn** (19) – er það upp undir hlíðinni. Fyrir framan holtið er skriða, sem **Stekkjarskriða** (20) heitir. Niður við sjávarmál er stór klettur, sem heitir **Hallur** (21). Nokkru framar (sunnar) á hlíðinni er djúp graslaut, er **Sellág** (22) heitir. Fyrir framan hana eru mýrar, sem **Kotmýrar** (23) heita. Niður undir Kotmýrum ganga tveir tangar fram í fjörðinn, heita þeir **Gildrutangar** (24). Sunnarlega með firðinum og upp að hlíðinni eru víðlendar graseyrar, er **Seleyrar**

(25) heita og ná þar suður að vog, sem **Hlöðuvogur** (26) heitir og gengur inn úr eystra horni fjarðarbotnsins. Ofan hlíðina, upp að Seleyrum, kemur gil, er **Selgil** (27) heitir. Norðan við Selgil eru líparítskriður í hlíðinni, heita þær **Rauðuskriður** (28). Fyrir framan Selgil heitir hlíðin **Selkinn** (29). Sunnan við Selkinn er klettagil, er **Gjafagil** (30) heitir. Hátt í fjallinu upp af Gjafagili er dalur, sem **Gjafadalur** (31) heitir, gengur hann suður undir **Gjafa** (32) (eða **Gjafakoll** (33)).

Heiman (norðan) við Selgil eru grasgeirar upp í hlíðinni er heita **Sneplar** (34).

Í firðinum vestur frá Kolgrafatúni, en skammt frá landi, er sker eða klettur einstakur og er alldjúpt umhverfis hann, sker þetta heitir **Göltur** (35).

**Stafrófsskrá örnefna**

Bekkir 15  
Bugur 18  
Byrgistangi 5  
Dagmálaklettur 17  
Einbúi 14  
Gildrutangar 24  
Gjafadalur 31  
Gjafagil 30  
Gjafakollur 33=32  
Gjafi 32=33  
Göltur 35  
Hallur 21  
Hesthústunga 2  
Hlöðuvogur 26  
Hólar 3  
Hóp(ið) 10  
Hópsvik 11  
Kastalar 4  
Kolgrafamúli 1  
Kolgrafaoddi 6  
Kotmýrar 23  
Melshorn 19  
Móhlið 13  
Múlabrún 16  
Oddatá 8  
Oddatjarnir 7  
Rauðuskriður 28  
Seleyrar 25  
Selgil 27  
Selkinn 29  
Sellág 22  
Sneplar 34  
Stekkjarskriða 20  
Strókur 9  
Prísteinar 12